

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag hringtorga við Ölfusárbrú.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 6. júlí 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi hringtorga við Ölfusárbrú, Tryggvatorgs og hluta Austurvegar á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 11. apríl 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 8. maí til og með 6. júní 2006 með athugasemdafresti til og með 20. júní 2006.

Deiliskipulag Byggðarhorns, lóðir nr. 3 og 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 6. júlí 2006 tillögu að deiliskipulagi lóðanna nr. 3 og 4 í landi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 4. apríl 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 11. maí til og með 9. júní 2006 með athugasemdafresti til og með 23. júní 2006.

Deiliskipulag Byggðarhorns, lóð nr. 9.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 6. júlí 2006 tillögu að deiliskipulagi lóðar nr. 9 í landi Byggðarhorns í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 3. febrúar 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 4. maí til og með 2. júní 2006 með athugasemdafresti til og með 16. júní 2006.

Uppdrættir og greinargerðir vegna tillagnanna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsáætlanirnar öðlast þegar gildi.

Selfossi, 8. ágúst 2006.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.